



Alþingi
Erindi nr. P 139/1362
komudagur 15. 2. 2011

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2011
Tilvísun: 201101-0028


Efni: Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun. Þskj. 376 – 310. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, þskj. 376 – 310. mál.

Um er að ræða nýmæli í íslenski iöggjöf og hefur ASÍ ekki mótað sér formlega afstöðu til málsins. Engu að síður vill ASÍ vekja athygli á að ekki hafi verið með fullnægjandi hætti tekið á siðferðilegum, lagalegum og læknisfræðilegum spurningum varðandi staðgöngumæðrun, eins og fram kemur í álitni vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun frá 5. febrúar 2010 og 7. júlí 2010.

Ljóst er að málið getur varðað skuldbindingu og afstöðu Íslands til núverandi og væntanlegra alþjóðareglna á sviði mannréttinda þ.m.t. réttinda barna, kvenna og foreldra. Á þeim vettvangi er umræðu ekki lokið. Umræða hér á landi hefur jafnframt hvorki verið almenn eða ýtarleg og telur ASÍ að frekari umræða þurfi að eiga sér stað áður en farið er í undirbúning lagafrumvarps um staðgöngumæðrun.

F.h. Alþýðusambands Íslands


Marianna Traustadóttir
Jafnréttisfulltrúi ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Deild 1 • Reykjavík
Sími 550 0000 • Fax 550 0000
www.althingi.is • www.athingin.is